



# Skagafjörður

Ráðhúsinu, Skagfirðingabraut 21 • 550 Sauðárkrúki • S: 455 6000 • Netf.: [skagafjordur@skagafjordur.is](mailto:skagafjordur@skagafjordur.is) • Kt.: 5506982349

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðun  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Skagafjörður, 20. maí 2021  
nr. erindis 2105050 KJ

Á 966. fundi byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 19. maí 2021 var tekið fyrir neðangreint erindi.

## Samráð; Ræktum Ísland! Umræðuskjal um landbúnaðarstefnu fyrir Ísland

Svofelld bókun var gerð:

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytíð kynnir til samráðs mál nr. 109/2021, Ræktum Ísland! Umræðuskjal um landbúnaðarstefnu fyrir Ísland. Umsagnarfrestur er til og með 26.05.2021.

Byggðarráð fagnar að ráðist sé í nýja stefnumótun í þeiri mikilvægu atvinnu- og byggðafestugrein sem landbúnaður er og telur mikilvægt að unnið verði af festu að því að ná markmiðum stefnunnar fram. Byggðarráð telur mikilvægt að áréttu það sem kemur fram í stefnumótuninni að til að tryggja að starfsskilyrði landbúnaðar hér á landi verði sambærileg og í nágrannalöndunum sé þörf á að auka svigrúm innlendra framleiðenda innan þess ramma sem EES-aðild heimilar, s.s. hvað varðar sveigjanleika og meðalhóf gagnvart smáframleiðendum og að landbúnaðarstefna hafi forgang gagnvart samkeppnisreglum innan ESB.

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,  
f.h. byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Kristín Jónsdóttir  
skjalastjóri